

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

*Deiliskipulag Bolafötur 19, 21, 23 og 25.*

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 21. maí 2019 samþykkt deiliskipulag fyrir Bolaföt 21, 23 og 25.

Deiliskipulagið felst í að lóðinni Bolafötur 19 er skipt upp og til verða lóðirnar 21, 23 og 25.

Nýtingarhlutfall á lóðum skal ekki vera hærra en 0,5 og veggghæð ekki hærri en 7 m. Gerð er sú krafa að hávaðamörk á starfsemi fari ekki yfir 45dB við lóðamörk. Óheimilt er að byggja á helgunarsvæði strenglagna HS Veitna. Vanda skal til hönnunar og frágangs vegna ásýndar frá íbúðarsvæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Deiliskipulagsbreyting, Leirdalur 36.*

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 21. maí 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Leirdal 36.

Byggingarreitur stækkar 2,5 m í suður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Deiliskipulagsbreyting, Mardalur 16-24 og 26-32.*

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 18. júní 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Mardal 16-24 og 26-32.

Skipulagsskilmálum er breytt þannig að í stað tveggja hæða raðhúsa verða einnar hæðar raðhús á lóðinni.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 17. október 2019.*

**Kjartan M. Kjartansson** bæjarstjóri.